

## Erindi til sveitarstjórna vegna ágangs búfjár - minnisblað sambandsins

**Til** : Flosi Hrafn Sigurðsson <flosi@samband.is>  
**Frá** : Flosi Hrafn Sigurðsson <flosi.hrafn.sigurdsson@samband.is>  
**Heiti** : Erindi til sveitarstjórna vegna ágangs búfjár - minnisblað sambandsins  
**Málsnúmer** : 2302030  
**Málsaðili** : Samband íslenskra sveitarfélaga  
**Skráð dags** : 06.02.2023 00:00:00  
**Höfundur** : Flosi Hrafn Sigurðsson <flosi.hrafn.sigurdsson@samband.is>

**Viðhengi** [Minnisblað - Ágangur búfjár.pdf](#)[Minnisblað - Ágangur búfjár.pdf](#)  
[image001.gif](#)[image001.gif](#)

Góðan dag

Lögfræði- og Velferðarsvið hefur haft til skoðunar á undanförunum vikum stjórnsýsluframkvæmd sem tengist ágangi búfjár skv. IV. kafla laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Í álitum Umboðsmanns Alþingis frá 11. október 2022 ([Álit umboðsmanns](#)) var fjallað um leiðbeiningar þáverandi Samgöngu- og Sveitarstjórnarráðuneytis til sveitarstjórna um hvernig skyldi fara með beiðnir um smölun skv. IV. kafla laganna. Niðurstaða umboðsmanns var að taka þyrfti leiðbeiningarnar til endurskoðunar, þar sem ekki væri unnt að gera þær kröfur til landeiganda að þeir friði landsvæði sitt skv. ákvæðum laga um búfjárhald ef þeir væru ósáttir við ágang búfjár á landareign sinni. Var því beint til Innviðaráðuneytisins að endurskoða reglurnar. Þá var kveðinn upp úrskurður hjá Dómsmálaráðuneytinu sem byggði á álitum umboðsmanns þar sem gerð var krafa til lögreglustjóra að sinna slíkum beiðnum um smölun eignarlanda kæmu þær fram.

Af þessu tilefni var ákveðið að útbúa stutt minnisblað til sveitarfélaga um þá réttarstöðu sem til staðar er eftir álit umboðsmanns Alþingis og hvaða verklag þyrfti að viðhafa komi slíkar beiðnir fram til sveitarfélaga. Minnisblaðið er meðfylgjandi tölvupósti þessum, en helstu niðurstöður þess eru eftirfarandi:

- Sambandið tekur undir niðurstöðu álits Umboðsmanns Alþingis um samspil laga um búfjárhald og laga um afréttarmálefni.
- Hvað varðar ágang frá afrétti í eignarlönd er skýr skylda sveitarfélags að sinna smölun þegar ágangur búfjár er mikill. Skilyrði fyrir smölun mætti skilgreina nánar í fjallskilasamþykkt sveitarfélaga.
- Hvað varðar ágang milli eignarlanda er til staðar lagaskylda til smölunar. Sveitarfélag getur þó valið að halda að sér höndum við slíkar beiðnir þar sem gert er ráð fyrir því í lagaákvæðinu að lögreglustjóra beri skylda til smölunar sinni sveitarfélag ekki slíkum beiðnum.
- Ætli sveitarfélag að innheimta kostnað vegna smölunar hjá eigendum búfjár er nauðsynlegt að framkvæma slíkt með eðlilegum hætti, skv. meginreglum stjórnsýsluréttar um meðalhóf, rannsóknarskyldu og andmælarétt.

Taka ber fram að sambandið hefur fengið þær upplýsingar frá Innviðaráðuneyti að nýjar verklagsreglur séu í smíðum hjá ráðuneytinu, sem komi til umsagnar hjá sambandinu þegar fyrstu drög að þeim liggja

fyrir.

Sambandið hvetur sveitarfélög til þess að kynna minnisblaðið fyrir viðeigandi nefndum og starfsfólki sveitarfélagsins sem málefnið varðar.

Ef spurningar vakna vegna innihalds minnisblaðsins má hafa samband við Flosa H. Sigurðsson, hjá lögfræði- og velferðarsviði Sambandsins, [flosi@samband.is](mailto:flosi@samband.is).



**Flosi H. Sigurðsson**

lögfræðingur

Netfang: [flosi@samband.is](mailto:flosi@samband.is)

**Samband íslenskra sveitarfélaga**

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.